

## Fundargerð

Fundur stjórnar rannsóknastjóra

7. desember 2018, 9:00-11:00

Mættir: Úlfar, Eiríkur, Elísabet, Sóley og Anna Kristín

Á fundinn komu stjórnendur háskólabókasafna. Rætt var um mótun fyrirhugaðrar stefnu um opin gögn og hugsanlegt samstarf á milli stjórnenda háskólabókasafna og Félags rannsóknastjóra.

Ákveðið var að boða annan fund í febrúar á nýju ári og ræða mögulegt samstarf frekar, jafnframt var ákveðið að bjóða Sonju og Ásdísi hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og skoða hvernig hóparnir geta átt aðkomu að stefnumótunarvinnunni.

Stjórnin ræddi hugsanlega viðburði á nýju starfsári. Það stendur til að halda fjármála og uppgjörsnámskeið með Rannís í byrjun apríl. Áhugi er á því að á Einar Mäntylä til að kynna Auðnu tæknitorg, einnig kom upp sú hugmynd að halda kynningu fyrir rannsóknastjóra á opnum aðgangi í febrúar.